



Áhrif COVID-19 á rekstur ferðapjónustufyrirtækja



Ráðgjafarsvið

-

Apríl 2020

Ráðgjafarsvið KPMG ehf. (KPMG) hefur að beiðni Ferðamálastofu unnið greiningu á rekstrar- og fjárhagsáhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og aðgerðum stjórnvalda undir heitinu „Viðspyrna fyrir Ísland“ á fyrirtæki í ferðapjónustu.

KPMG hefur byggt greininguna á tveimur dæmum sem sett eru upp til að líkja sem best eftir rekstri og rekstraráskorunum ferðapjónustufyrirtækja við þessar aðstæður. Til að gera dæmin sem raunverulegust er byggt ársreikningum nokkurra fyrirtækja í ferðapjónustu fyrir árið 2018, auk ýmissa opinberra gagna um stöðu ferðapjónustufyrirtækja og kynningargagna um „Viðspyrnu fyrir Ísland“. KPMG hefur einnig aflað upplýsinga um skuldastöðu fyrirtækja í greininni frá Seðlabanka Íslands til að hægt sé að leggja mat á stöðu greinarinnar og í framhaldinu þá viðbótar skuldsetningu sem hún gæti mögulega borið.

KPMG hefur ekki lagt sjálfstætt mat á framangreindar upplýsingar. Væntingar um þróun stærða eins og tekjuvöxt, fjárfestingar og þróun rekstrarkostnaðar byggja á sögulegum fjárhagsupplýsingum fyrirtækjanna, en einnig hefur verið nauðsynlegt að byggja á huglægum forsendum um ýmsar fjárhagstölur, væntum viðbrögðum við COVID-19 heimsfaraldrinum og aðgerðum stjórnvalda eins og þær eru metnar af Ferðamálastofu.

Sviðsmyndir og spár um þróun í fjölda ferðamanna næstu árin byggja á upplýsingum frá Ferðamálastofu, en hafa verið mótaðar frekar í samvinnu KPMG, Ferðamálastofu og Stjórnstöðvar ferðamála. Eftirtaldir átta þátt í vinnslu verkefnisins:

- Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri
- Óskar Jósefsson, framkvæmdarstjóri Stjórnstöðvar ferðamála
- Jóhann Viðar Ívarsson, greinandi hjá Ferðamálastofu
- Benedikt K. Magnússon, hluthafi og sviðsstjóri ráðgjafarsviðs KPMG
- Ágúst Angantýsson, verkefnastjóri á ráðgjafarsviði KPMG
- Bjarni Friðriksson, verkefnastjóri á ráðgjafarsviði KPMG

Skýrslan var upphaflega gefin út 8. apríl 2020, en hefur verið lítillega uppfærð frá þeim tímapunkti. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

KPMG hefur ekki sérstaklega kannað áreiðanleika þeirra gagna og heimilda sem vinnan er byggð á en bent er á að niðurstaða slíkrar könnunar gæti haft áhrif á undirliggjandi gögn og þar af leiðandi niðurstöður greiningarinnar og tillagna. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. Gert er ráð fyrir að lesendur rýni í þessi gögn og annað það er liggur til grundvallar útreikningunum og að lesendur túlki upplýsingarnar í tengslum við þeirra eigin kringumstæðum og önnur atvik sem við þá kunna að eiga.

Upplýsingarnar og útreikningarnir fela ekki í sér staðfestingu frá KPMG. Öll ákvörðunartaka í tengslum við upplýsingarnar og útreikningana er alfarið í höndum viðtakanda eða annarra aðila sem er að málinu kunna að koma og ber KPMG enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Vinna við skýrsluna hefur tekið mið af því að verkkaupi birti skýrsluna opinberlega

Tengiliður KPMG:

Benedikt K. Magnússon
Ráðgjafarsvið
Sviðsstjóri, hluthafi
bmagnusson@kpmg.is

Sími 545 6000

	Bls.		Bls.
Nýr veruleiki og landslagið framundan		Áhrif á aðrar greinar ferðaþjónustu	
— Hrun blasir við ferðaþjónustunni	5	— Erfið rekstrarskilyrði	25
— Flest ferðaþjónustufyrirtæki eru nú þegar í veikri stöðu	6	— Ólík félög með mismunandi áskoranir	26
— Horfur og áhrifavaldar á mögulega þróun	7	Áhrif á helstu hagstærðir	
— Einungis dökkan sviðsmyndir til að byggja á	8	— Tekjur af erlendum ferðamönnum	28
— Mikið undir í atvinnulífinu og gjaldeyrissköpun	9	— Vægi ferðaþjónustu á Norðurlöndunum	29
— Dæmi um áhrif á ferðaþjónustufyrirtæki	10	Skuldsetning ferðaþjónustunnar	
— Mótvægisáðgerðir til lengri og skemmri tíma	11	— Útlán banka til ferðaþjónustu	31
Dæmi um áhrif sviðsmynda á ferðaþjónustufyrirtæki		— Þróun skuldsetningar	32
— Sýnidæmi	13	— Skuldapol ferðaþjónustunnar	33
— Forsendur byggðar á ólíkum viðskiptalíkönum	14	Viðaukar	
— Afþreyingarfyrirtæki	16	1. Afþreyingarfyrirtæki – forsendur og niðurstöður	36
— Hótel	22	2. Hótel – forsendur og niðurstöður	42
		3. Heimildarskrá	49

A man in a red jacket is seen from the side, looking out at a whale's tail in the ocean. The whale's tail is visible in the water, creating a splash. The background shows a vast ocean and distant mountains under a cloudy sky.

Nýr veruleiki og
landslagið
framundan

Hrun blasir við ferðapjónustunni


Erfiðar aðstæður sem breytast nú hratt

Ferðapjónustan er að verða fyrir mun meiri röskun af völdum COVID-19 en aðrar atvinnugreinar og er því mikilvægt að hlúa að fyrirtækjum í greininni. Gera má ráð fyrir því að atvinnugreinin verði nær tekjulaus næstu mánuðina og eru horfurnar fyrir seinni hluta ársins nú mjög dökkar.

Spár sem alþjóðleg samtök og stofnanir hafa sett fram á síðustu vikum um mögulega þróun í greininni úreldast hratt. Á einungis tveimur vikum hefur World Travel and Tourism Council (WTTC) hækkað mat sitt á fjölda starfa sem munu tapast í ferðapjónustu úr 50 milljónum starfa í 75 milljónir starfa á heimsvísu. Þegar hafa mörg fyrirtæki farið í gjaldþrot.

Umferð farþega um flugstöðvar í Bandaríkjunum


í milljónum



Heimild: Transport Security Administration³

Daily confirmed COVID-19 cases

Because not everyone is tested the total number of cases is not known. Shown is the 7-day rolling average of confirmed cases.



Source: European CDC - Situation Update Worldwide - Last updated 16th April, 11:30 (London time)

Heimild: OurWorldInData.org⁴

CC BY

Þann 26. mars taldi UN World Tourism Organization¹ (UNWTO) fyrirsjáanlegt að á árinu verði 20-30% hrun á alþjóðlegum ferðapjónustumarkaði sem gæti leitt til þess að það dragi úr útflutningi ferðapjónustu á heimsvísu sem nemur verðmæti á bilinu 300-450 milljarðar dollara, nánast einum þriðja af tekjum iðnaðarins á árinu 2019. OECD telur hins vegar að lækkunin geti verið á bilinu 45-70%.²

Til samanburðar, þá fækkaði heimsóknum ferðamanna á heimsvísu um 4% í kjölfar efnahagshrunsins 2009, á meðan fækkun í kjölfar SARS veirunnar árið 2003 nam einungis um 0,4%. Spáin felur í sér að um 5 – 7 ára vöxtur greinarinnar í heiminum geti tapast vegna áhrifa COVID-19.


Eftir því sem ástandið versnar og dregst á langinn er líklegra að gangverkið í flugiðnaðinum sem ferðapjónustan byggir á geti hrunið og það gæti tekið talsverðan tíma að púsla því saman á ný. Þá má gera ráð fyrir viðbótartíma til að virkja og endurheimta eftirspurnarhliðina.

Flest ferðapjónustufyrirtæki eru nú þegar í veikri stöðu



Útlán viðskiptabanka^a og rekstrarafkoma greinarinnar (EBIT)

í ma.kr. (Útlán / EBIT)



Heimild: Hagstofan, Seðlabanki Íslands og greining KPMG

Staða fyrirtækja í ferðapjónustu er almennt veikari en í öðrum atvinnugreinum sbr. upplýsingar um rekstur og eiginfjárstöðu ólíkra atvinnugreina á Íslandi í árslok 2018 og skuldsetningu í árslok 2019.

Þrátt fyrir að fjárhagstölur fyrir árið 2019 liggi ekki fyrir má vera ljóst að staða flestra fyrirtækja í greininni versnaði nokkuð í kjölfar gjaldþrots Wow air. Ferðamönnum fækkaði um 20% frá falli flugfélagsins og lækkaði velta í greininni um 10% árið 2019.⁵

Flest félög eru því að komast í gegnum erfiðan vetur og átti sumarvertíðin að marka viðspyrnuna m.a. eftir veikingu krónunnar.

Byggt á tölum Seðlabankans hefur skuldsetning greinarinnar við viðskiptabankana þrjá aukist um 84% frá ársbyrjun 2016 á sama tíma og tekjur hafa vaxið um 3%.⁶ Veiking krónunnar eykur svo skuldavandann á meðan engar tekjur berast þar sem þriðjungur lána er í erlendri mynt.

Nú blasir við nýr veruleiki eftir enn eitt áfallið.

ATH: (a) Arion Banki, Landsbanki og Íslandsbanki



Einkennandi greinar ferðapjónustu án flugs

(ma.kr.)	Áætlaðar skuldir Q1 2020	Arðsemi eigin fjár 2018
Gististaðir	135	8%
Veitingastaðir	9	17%
Bílaleigur	35	12%
Hópfarðafyrirtæki	10	-3%
Ferðaskrifstofur	59	23%
Samtals	248	

Heimild: Hagstofan, Seðlabanki Íslands og greining KPMG

Rekstur fjölmargra ferðapjónustufyrirtækja er á leiðinni í gjörgæslu þar sem uppspretta tekna hefur nú algjörlega þornað upp. 23.300 launþegar voru skráðir í greininni í janúar 2020. 713 starfsmönnum félaga í ferðapjónustu og félögum tengdri ferðapjónustu var sagt upp í mars. Þá hafa um 11 þúsund starfsmenn skráð sig í hlutastarf skv. fyrstu tölum Vinnuálastofnunar, sem jafngildir um 4.000 ársverkum á tímabilinu 15. mars til 31. maí.⁷

Þeir starfsmenn sem eftir sitja verja líklega mestum sínum tíma í að vinda ofan af og endurgreiða ferðir sem búið var að bóka án þess þó að fá þóknun fyrir þá vinnu. Fastur rekstrarkostnaður og endurgreiðslur eru því að tæma sjóði og lánaheimildir þannig að mörg félög munu standa tæpt þegar líður að næstu mánaðarmótum.

Þegar möguleg þróun og samspil ólíkra áhrifavalda er rýnd dýpra og lengra fram í tímann má vera ljóst að stuðningsaðgerðir stjórnvalda þurfa að beinast að því að bæta uppsafnað fjárhagslegt tjón þeirra fyrirtækja sem talin voru lífvænleg fyrir afleiðingar heimsfaraldursins.

Horfur og áhrifavaldar á mögulega þróun



Horfur

Hversu djúp verður lægðin?

- Kínverjar eru í dag einn stærsti hópur alþjóðlegra ferðamanna. Þrátt fyrir að ástandið gæti verið að lagast þar hefur verið gert ráð fyrir um 45-55% minni eftirspurn (alþjóðleg ferðalög) frá Kína árið 2020 samanborið við 2019.
- 150 lönd eru nú með einhvers konar skorður á ferðalögum og yfir 50 lönd hafa algjörlega lokað landamærum sínum fyrir erlendum ferðamönnum.
- Nú þegar er ljóst að það verður algjör afli brestur á öðrum ársfjórðungi og miklar líkur á skertri starfsemi næstu 9-12 mánuði.
- Efnahagsleg áhrif verða verri en af fjármálakreppunni 2008 að mati Alþjóðabankans.
- Óvissa um þróun árið 2021 vegna ótta við ferðalög og gjörbreyttra efnahagsaðstæðna á markaðssvæðum Íslands, s.s. vegna tímabundins tekjumissis og atvinnuleysis sem dregur úr ráðstöfunartekjum.
- Við stöndum enn frammi fyrir mikilli óvissu um þróunina næstu mánuði, þ.m.t. óvissu um hvenær ástandið mun taka enda.
- Við vitum því ekki enn hversu djúp lægðin getur verið og hvort það sé raunhæft að gera ráð fyrir eðlilegu ástandi fyrr en búið er að þróa lyf eða aðra lækningu við sjúkdómnum.



Stóru álitamálin

Hversu lengi varir hún?

- Hvernig og hvenær ná einstaka markaðssvæði tókum á útbreiðslu COVID-19.
- Hvaða (ekki hvort) varúðarráðstafanir hafa verið og verða settar á héraðs og erlendis til að draga úr líkum á því að smitfaraldurinn fari aftur af stað, t.a.m.:
 - Lokun landamæra
 - Krafa um heilbrigðisvottorð á ferðalögum
 - Söttkví í kjölfar ferðalaga
 - Takmörk á samkomum
- Hversu lengi ráðstafanirnar gilda og samspil á gildistíma þeirra á markaðssvæðum okkar kann að skipta máli.
- Hversu langan tíma mun það taka að endurbyggja fluggeirann og koma á því sem næst eðlilegu ástandi
- Hvernig mun flugframboð þ.m.t. tengiflug byggjast upp á mikilvægum markaðssvæðum.
- Hversu lengi mun ríkja ótti við ferðalög, m.a. vegna þess að faraldurinn gæti sprottið upp á ný.
- Mun vaxandi spenna í alþjóðastjórnámálum draga úr nauðsynlegu samstarfi ríkja til að vinna tímanlega bug á ástandinu eða mun þessi spenna leiða til átaka með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
- Hvernig mun þróun á efnahagsaðstæðum í heiminum hafa áhrif á eftirspurn eftir ferðabjónustu.



Viðspyrnan


Hvernig endurræsum við atvinnugreinina?

- Markaðsátak stjórnvalda erlendis.
- Lækkun gengis.
- Viðhorf ferðamanna til þess hversu góð og árangursrík viðbrögð stjórnvalda á Íslandi voru við COVID-19.
- Fá lönd gætu verið reiðubúin að taka á móti ferðamönnum í sumar og í því gæti falist tækifæri, ef íslensk stjórnvöld eru þá reiðubúin að opna landið fyrir ferðamönnum.
- Samkeppni við lönd eins og Noreg sem hefur lækkað mikið í verði sem áfangastaður eftir mikla lækkun norsku krónunnar.
- Stefna flugfélaga/stjórnvalda um endurgreiðslu fargjalda. Ef viðskiptavinir fá t.d. tímabundna inneign sem gildir fram á næsta ár í stað endurgreiðslu gæti það stutt við uppsveflu í ferðabjónustu.
- Samkeppni og möguleg undirboð (e. price dumping) annarra landa til að laða til sín ferðamenn.

Einungis dökkar sviðsmyndir til að byggja á



Sviðsmyndir um þróun í fjölda ferðamanna á mánuði í þús.



Heimild: Ferðamálastofa og greining KPMG.

Settar eru fram þrjár sviðsmyndir um mögulega þróun á komu ferðamanna til landsins á næstu mánuðum og árum til að greina hvernig ólík fyrirtæki í ferðaþjónustu munu geta tekist á við yfirvofandi hrun í heimsóknum ferðamanna til landsins.

- S1 - Bjartsýn spá, 43% samdráttur árið 2020
- S2 – Grunnsviðsmynd, 57% samdráttur árið 2020
- S3 - Svartsýn spá, 69% samdráttur árið 2020

Til viðmiðunar er svo horft til rauntalna ársins 2019 (S0) til að draga fram áhrif breytinganna sem sviðsmyndirnar fela í sér.

Sviðsmyndirnar byggja m.a. á rýni á gögnum og greiningum frá alþjóðlegum samtökum og stofnunum sem vísað er til í þessari skýrslu.

Á ári í milljónum

Grunnspá	0,9	1,5	1,6
% af 2019	43%	75%	79%
Svartsýn	0,6	1,3	1,3
% af 2019	31%	65%	68%
Bjartsýn	1,1	1,8	1,9
% af 2019	57%	91%	96%

Það er vandasamt verkefni á tímamarki sem þessum að setja fram spá um mögulega þróun ferðamanna á Íslandi næstu mánuði og ár. Við stöndum nú í miðjum efnahagshamförum sem eiga sér enga hliðstæðu til að geta dregið gagnlegan lærdóm af og því engin tölfræðilíkön eða söguleg gögn sem mynda traustan grunn að spá sem þessari.


Hinsvegar má vera ljóst að það er til lítils gagns að leggja grunn að stuðningsaðgerðum stjórnvalda og endurskipulagningu fyrirtækja í ferðaþjónustu á óraunhæfum forsendum því um leið og undirliggjandi forsendur breyta þarf að endurhugsa stuðningsaðgerðir og taka upp endurskipulagningaráætlanir fyrirtækjanna.

Það er því t.a.m. almenn regla við endurskipulagningu fyrirtækja að áætlanir og aðgerðir séu byggðar á forsendum og spám sem miklar líkur eru á að gangi eftir. Það njóta svo allir góðs af því ef betur gengur að vinna úr stöðunni.

Mikið undir í atvinnulífinu og gjaldeyrissköpun

Grunnsviðsmynd – Samdráttur í gjaldeyrstekjum frá árinu 2019

í ma.kr.



Heimild: The World Bank, Knoema, Hagstofan, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Beint framlag ferðapjónustunnar vegur um 9,0% af vergri landsframleiðslu (VLF) og tekjur af erlendum ferðamönnum vega um 35% af gjaldeyrstekjum þjóðarbúsins, samanborið við 5,4% og 16,6% á Spáni og 3,7% og 8,1% í Frakklandi.

Að því gefnu að tekjur á hvern ferðamann hækki lítillega m.v. síðustu ár (+5%) vegna gengisveikingar íslensku krónunnar er hægt að áætla lækkun gjaldeyrstekna fyrir hverja sviðsmynd.

Út frá ofangreindum forsendum nemur áætluð lækkun gjaldeyrstekna árið 2020 á milli 275 og 330 milljörðum króna. Til samanburðar voru gjaldeyrstekjur annarra greina árið 2019 eftirfarandi:

- Sjávarútvegur, 260 ma.kr.
- Álframleiðsla, 212 ma.kr.
- Heildar vöru- og þjónustuútflytningur Íslands, 1.344 ma.kr.

Lækkun gjaldeyrstekna árið 2020 samanborið við árið 2019



Beint framlag ferðapjónustu sem hlutfall VLF 2018



Ferðapjónustan er mannfrek þjónustugrein sem skapar fjölbreytt atvinnutækifæri þar á meðal í samfélögum í dreifbýli. Undir árslok 2019 stóð ferðapjónustan undir u.þ.b. 16% af íslensku vinnuafli, samanborið við 6,9% af vinnuafli í OECD ríkjunum. Tjónið á Íslandi verður því mun meira en í öðrum hagkerfum sem við berum okkur jafnan saman við.

Í ofanálag mun íslensk ferðapjónusta ekki geta reitt sig á innlenda ferðamenn í sama mæli og aðra þjóðir. Þjónusta við innlenda ferðamenn vegur þungt í ferðapjónustu margra nágrannaríkja en á Íslandi er vægi innlenda markaðarins lítið. Aukning á innlenda markaðinum mun vega lítið samanborið við samdrátt í þjónustu við erlenda ferðamenn.

Um það bil 80% fyrirtækja í ferðapjónustu á heimsvísu eru lítil eða meðalstór sem geta átt erfitt með að takast á við óvænt áföll, sér í lagi áfall af þessari stærðargráðu.


Dæmi um áhrif á ferðapjónustufyrirtæki

Áætluð áhrif á fjárförf tveggja dæmigerðra fyrirtækja í ólíkum greinum ferðapjónustunnar



Fjárförf afþreyingarfélags


m.kr.



Heimild: Ársreikningar ferðapjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Fjárförf hótels

m.kr.



Ferðapjónustufélög þurfa fjárhagsaðstoð vegna allsherjar tekjufalls

Hér að aftan eru sett fram ítarlegir útreikningar og útskýringar um líkleg áhrif COVID-19 á rekstur ferðapjónustufyrirtækja.

Ferðapjónustufyrirtæki reiða sig á afkomu á sumarvertíðinni, sérstaklega félög á landsbyggðinni. Yfir veturinn ganga slakir rekstrarmánuðir á handbært fé og algengt að fyrirframgreiðslur séu nýttar til að standa undir taprekstri lágvertíðar. Fastur rekstrarkostnaður án tekna gengur nú hratt á handbært fé eða lánaheimildir auk þess sem veltufjármögnun þyngist verulega. Félögin þurfa því að sækja sér aukið fjármagn mjög fljótlega.

Sviðsmyndirnar sem við blasa gefa ekki tilefni til að ætla að rekstur næstu ára sé líklegur til að rétta af fjárhagsstöðu miðað við viðbótar-skuldsetningu og þá þarf líka að horfa til áhrifa aðhalds í fjárfestingum í langtímaáætlunum.

Afskrift lána eða rekstrarstuðningur forsenda fyrir rekstrarhæfi

Fastur rekstrarkostnaður og tap á skammtímaáætlunum mun lækka eiginfjárförstöðu mikið á nokkrum mánuðum og gæti afþreyingarfélagið þurft að niðurfæra óefnislegar eignir sem lækkar eigið fé enn frekar.


Langtímaáætlanir sýna svo að félögin munu áfram ganga á eigið fé vegna aukinnar skuldsetningar. Félögin eru ekki lengur sjálfbær miðað við óbreyttan rekstur og viðbótar-skuldsetningu. Því er ólíklegt að eðlileg viðbótarfyrirgreiðsla og/eða endurfjármögnun á haustmánuðum standi þeim til boða vegna skorts á veðrymi og slæmrrar eiginfjárförstöðu.

Þrátt fyrir möguleg „Brúarlán“ eru félögin ekki gjaldfær til lengri tíma lítið, þau eru tæknilega gjaldþrota og lánastofnunum einfaldlega óheimilt að lána þegar ekki er sýnt fram á að félag geti greitt lán til baka.


Sjá frekari umfjöllun á bls. 13 - 23.

Mótvægisaðgerðir til lengri og skemmri tíma

Gistinætur og fjöldi ferðamanna
í milljónum



Útflutningur vöru og þjónustu
í ma.kr.



Heimild: Hagstofan og greining KPMG.

Ferðapjónustan hefur staðið af sér áföll

Það hefur sýnt sig að ferðapjónustan hefur getuna til að jafna sig eftir þrengingar á erfiðum tímum og hafa þannig keðjuverkandi áhrif á aðra greinar atvinnulífsins.^{2,9}

Ferðapjónustan var t.a.m. mikilvæg í viðsnúningi efnahagskerfisins í kjölfar fjármálahrunsins. Til marks um það voru rúmlega 32 þúsund launþegar skráðir í ferðapjónustunni um mitt ár 2018, samanborið við tæplega 15 þúsund árið 2008.⁸

OECD bendir í þessu samhengi á að samræmdar og kröftugar mótvægisaðgerðir til að styðja við félög í greininni geti skilað gríðarlegri ávöxtun í öllu hagkerfinu sem og að viðhalda fjölda starfa.

Mikilvægi mótvægisaðgerða

Að tryggja rekstrarsamfellu er lykilatriði en veik staða og há skuldsetning ferðapjónustufyrirtækja gerir þeim flestum mjög erfitt að starfa áfram við núverandi aðstæður. Það þarf því að tryggja þessum félögum aðgang að fjármagni án tafa.

Mikil skuldsetning félaganna felur í sér að ríkið mun þurfa, með einum eða öðrum hætti, að bera stórt hlutfall af föstum rekstrarkostnaði þeirra félaga sem hafa forsendur til að starfa í greininni til lengri tíma lítið.

Áhrifin af COVID-19 eru öðruvísi en áður hefur sést. Það sem er víst er að ekki er vitað hvenær ástandinu lýkur og hver áhrifin verða. Það er því enn óvíst hvaða úrræði eru best til þess fallin að leiða viðspyrnuna og hversu lengi þarf að beita þeim.



Dæmi um áhrif sviðsmynda á ferðapjónustufyrirtæki

Afþreyingarfyrirtæki



Hótel



Hér að aftan eru leidd út tvö mismunandi dæmi um hvernig tekjufall vegna COVID-19 er líklegt til að hafa á rekstur, sjóðstreymi og efnahag tveggja dæmigerðra ferðapjónustufyrirtækja. Valin voru tvö félög í mismunandi undirgreinum ferðapjónustunnar enda eru einkenni reksturs og efnahags fyrirtækja í ferðapjónustunni jafn frábrugðin og flóran er breið.

Dæmi voru tekin úr eftirfarandi undirgreinum:

- Afþreying
- Gististaðir (hótel)

Grunnforsendur

Dæmin eru reiknuð út frá sviðsmyndum um fjölda ferðamanna eins og þær voru kynntar hér að framan. Þá var einnig stuðst við ársreikninga ferðapjónustufyrirtækja til þess að áætla upphafsstöðu á efnahagsreikningi.

- Útleiðsla í dæmunum byggir á Grunnspá sviðsmynda en í lok umfjöllunar um hvort dæmi eru áhrif mismunandi sviðsmynda dregin fram.
- Frekari lýsingu á forsendum má finna á næstu blaðsíðu.

Tilgangur

Með útleiðslu dæmanna var ætlunin að greina og útskýra hver áhrif aðgerða stjórnvalda, m.t.t. þeirra sviðsmynda sem við blasa, eru líkleg til að verða á rekstur, efnahag og sjóðstreymi ferðapjónustufyrirtækja. Ennfremur var markmiðið með vinnunni að greina hvort frekari aðgerða væri þörf.

Forsendur byggðar á ólíkum viðskiptalíkönum

Afþreyingarfyrirtæki



Afþreyingarfyrirtæki sem veitir þjónustu allt árið með dagsferðum frá höfuðborgarsvæðinu.

27 heilsárstöðugildi | 10 sumarstarfsmenn |
9 uppsagnir | Engar sumarráðningar | 14 í starfshlutaleið

35% eiginfjárlutfall
Óefnislegar eignir
Takmarkað veðrymi vegna sérhæfðra eigna

Hótel



40 herbergja hótélrekstur í eigin fasteign á suðvestur horninu með veitingastað og baðstofu.

32 heilsárstöðugildi | 7 sumarstarfsmenn |
13 uppsagnir | Engar sumarráðningar | 14 í starfshlutaleið

34% eiginfjárlutfall
Fasteign í rekstrarfélagi sem er með um 65% skuldsetningarhlutfall.

Lýsing

Fjöldi starfsmanna og viðbrögð

Efnahagur

Sameiginlegar forsendur

Gert er ráð fyrir að eftirspurn fylgi þróun á komu ferðamanna til landsins yfir árið.

Félögin geta tímabundið hægt á fjárfestingum vegna minni aðsóknar og notkunar.

Starfsmannafjöldi í „eðlilegt“ horf árið 2021 þar sem reiknað er með að launakostnaður þróist sem hlutfall af tekjum.

Veltufjármögnun þyngist við tap á viðskiptakröfum og aukna kröfu um staðgreiðslu frá birgjum.

Félögin nýta sér öll úrræði sem nú eru í boði af hálfu stjórnvalda og fjármálafyrirtækja svo sem með frýstingu afborgana af lánnum og frestun á opinberum gjöldum.

Ekki er tekið tillit til áhrifa gengisbreytinga innan ársins í forsendum rekstraráætlana.

Sjá frekari útskýringar á forsendum og útreikningum í viðauka



Afbreytingar- fyrirtæki



Rekstur undir eðlilegum kringumstæðum

Innbyggð árstíðarsveifla

Eftirspurn og tekjur fylgja þróun á komu ferðamanna til landsins yfir árið.

Ferðapjónustufyrirtæki reiða sig á afkomu á sumarvertíðinni, sérstaklega fyrirtæki á landsbyggðinni.

Sjóðsstaða

Flest félög eru fjármögnuð þannig að lausafé geti staðið undir ígildi 1-2 mánaða föstum rekstrarkostnaði en það er hætt við því að við slök rekstrarskilyrði hafi þegar verið búin að ganga á þennan forða.

Þá ganga slakir rekstrarmánuðir yfir veturinn frekar á sjóðsstöðu.

Algengt að fyrirframgreiðslur séu nýttar til að standa undir hluta af föstum rekstrarkostnaði lágvertíðar.

Takmarkað veðrymi


Nú þegar hafa flest ferðapjónustufyrirtæki fullnýtt veðrymi til að fjármagna vöxt og/eða áskoranir í rekstri ársins 2019.

Veðhæfi eigna oft takmarkað þar sem rekstrareignir eru sérhæfðar fyrir viðkomandi starfsemi, s.s. ísgöng, sýningargripir, mikið breyttir trukkar, hvalaskoðunarbátar og hjólabátar.

Heimild: Ársreikningar ferðapjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Rekstrarafkoma (EBITDA) eftir mánuðum

m.kr.



Sjóðstreymi eftir mánuðum

m.kr.



COVID-19 leiðir af sér skyndilegt tekjufall

Áhrif núverandi ástands á rekstur

Tekjusamdráttur í samræmi við fækkun ferðamanna en ekki gert ráð fyrir að félagið bregðist við fækkun með lækkun á verðum.

Að öllum líkindum munu fyrirtæki bregðast við stöðunni og aukinni samkeppni um hvern ferðamann með verðlækkunum og því má fastlega gera ráð fyrir því að rekstrartap sé vanmetið í dæminu.

Afbókanir fyrir sumarið, frost í nýbókunum og endurgreiðsla á fyrirframgreiðslum sem dregur á lausafé eða lánalínur.

Hagræðing í rekstri

Um 60% af rekstrarkostnaði er breytilegur í dæminu og því ágætur sveigjanleiki að draga úr kostnaði.

Af 27 heilsársstarfsmönnum er 9 starfsmönnum sagt upp, 14 starfsmönnum beint í hlutastarf en auk þess skorið niður við nögl í öðrum rekstrarkostnaði, s.s. markaðskostnaði.

Ráðningar á sumarstarfsfólki eru dregnar til baka.

Uppsagnir draga á lausafé þar sem greiða þarf uppsagnafrest í þrjá mánuði.


Hagræðingaraðgerðir taka flestar 1-3 mánuði að skila sér. Í millitíðinni sitja fyrirtæki uppi með hærri rekstrarkostnað sem gengur hratt á lausafé eða lánalínur.

Félagið þarf áfram að bera mikinn fastan kostnað til að viðhalda og tryggja rekstrarsamfellu, s.s. til að halda í sérfræðipækkingu sem búið er að byggja upp og ýmsa upplýsingatækni innviði.


Sjá ítarlegri útlistun í viðauka.

Heimild: Ársreikningar ferðaþjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Tekjur m.kr.



Rekstrarafkoma (EBITDA) eftir mánuðum m.kr.



Takmarkanir á útlæði fjármagns

Félagið frestar eða takmarkar verulega fjárfestingar.

Í mörgum tilvikum er þó ekki hægt fresta árlegri fjárfestingaþörf vegna öryggismála (endurnýjun og úttektir öryggisbúnaðar).

Frestun gjalddaga:

- Birgjar
- Lánveitendur

Á móti krefjast birgjar aukinnar staðgreiðslu.

Dregið á úrræði stjórnvalda (sjá frekari uppl. í viðauka)

Starfshlutaleiðin nýtt en eftir standa 25% launa- og launatengdra gjalda

Frestun gjalddaga opinbera gjalda.

Þrátt fyrir aðgerðir er lausafé uppuríð

Fastur rekstrarkostnaður gengur því hratt á handbært fé auk þess sem veltufjármögnun þyngist verulega.

Fæst fyrirtæki í greininni eru með lausafé umfram fjárförf til eins eða tveggja mánaða á þessum tímapunkti og því má gera ráð fyrir að í mörgum tilvikum sé það uppuríð í apríl.


Félagið þarf að sækja sér lánsfjármagn mjög fljótlega, af því gefnu að hluthafar geti ekki aukið hlutfé.

Er félagið lífvænlegt til skamms tíma litið?

Heimild: Ársreikningar ferðaþjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Sjóðstreymi eftir mánuðum

m.kr.



Uppsöfnuð fjárförf

m.kr.



Niðurstaða eftir þrjá mánuði

Eiginfjárstaða versnar

Rekstrartap og tap á skammtímakröfum hefur lækkað eiginfjárstöðu verulega á nokkrum mánuðum.

Möguleg krafa um lækkun/niðurfærslu óefnislegra eigna myndi lækka eigið fé enn frekar.

Fjármögnun

Hér er að ofan er gengið út frá því að lánaþyrirgreiðsla sé í boði en það er ekki sjálfgefið.

Fjárbörf getur aukist mikið yfir sumarmánuðina þar sem misstór hluti tekna er staðgreiðsla og því getur það tekið tíma að innheimta hluta af sölu sumarmánaða.

Þá gefa rekstrarhorfur sumarmánaða ekki tilefni til að ætla að hægt sé að rétta af fjárhagsstöðu fyrir veturinn.

Er fyrirtækið enn talið lífvænlegt að mati lánveitenda?


Því ólíklegt að eðlileg viðbótarfyrirgreiðsla og/eða endurfjármögnun á haustmánuðum standi til boða vegna skorts á veðrymi og slæmrar eiginfjárstöðu.

Efnahagsreikningur

m.kr.	des.19	mar.20	maí.20	sep.20	des.20
Fastafjármunir	524	479	463	431	406
Veltufjármunir	64	26	7	64	32
Handbært fé	44	30	0	0	0
Eignir	633	534	470	495	438
Eigið fé	223	159	99	44	5
Langtímaskuldir	288	281	285	290	279
Lánalína	0	0	13	74	77
Skammtímask. og aðrar skuldb.	122	94	73	87	77
Eigið fé og skuldir	633	534	470	495	438
<i>Eiginfjárlutfall</i>	<i>0,35</i>	<i>0,30</i>	<i>0,21</i>	<i>0,09</i>	<i>0,01</i>

Uppsöfnuð fjárbörf

m.kr.



Heimild: Ársreikningar ferðaþjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Áhrif til lengri tíma

Viðvarandi fjárpörf

Rekstur næstu ára er ekki líklegur til að rétta af fjárhagsstöðu og þá kalla litlar fjárfestingar árin 2020 og 2021 á auknar fjárfestingar.

Sviðsmyndirnar eiga það sameiginlegt að gera ráð fyrir hæstu fjárpörfinni í júní árið 2022.

Þörf fyrir lánaþyrngreiðslu ætti ekki að taka mið af bjartsýnni sviðsmynd.

Skuldsetning til framtíðar

Ólíklegt að skuldastaðan sé sjálfbær miðað við óbreyttan rekstur.

— Í lok árs 2023 skuldar félagið 20x rekstrarafkomu að frádreginni eðlilegri árlegri fjárfestingu.

Þrátt fyrir að „Brúarlán“ séu aðgengileg er óvíst hvort félagið sé gjaldfært til lengri tíma litið og lánastofnunum er einfaldlega óheimilt að lána þegar ekki er sýnt fram á að félag geti greitt til baka.

Eigið fé


Á árinu 2022 er eigið fé félagsins uppuríð. Líklegt verður þó að teljast að félagið hafi fyrir þann tíma orðið ógreiðslufært og tæknilega gjaldþrota:

- Skuldakennitölur bera þess merki að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar.
- Jafnvel þó skuldsetning árið 2022 sé borin saman við rekstur ársins 2019 gefur skuldahlutfallið ekki tilefni til að ætla að félagið sé sjálfbært.

Heimild: Ársreikningar ferðaþjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Uppsöfnuð fjárpörf

m.kr.



Efnahagsreikningur - Grunnspá

	2018	2019	2020	2021	2022
Fastafjármunir	524	490	406	308	260
Veltufjármunir	64	63	32	54	57
Handbært fé	44	47	0	0	0
Eignir	633	599	438	362	317
Eigið fé	223	212	5	-90	-146
Langtímaskuldir	288	284	279	235	213
Lánalína	0	0	77	122	153
Skammtímask. og aðrar skuldb.	122	103	77	95	96
Eigið fé og skuldir	633	599	438	362	317
Veltufjárhlutfall	1,13	1,01	0,35	0,49	0,48
Eiginfjárhlutfall	0,35	0,35	0,01	-0,25	-0,46
Skuldir / (EBITDA - CAPEX)	1,5x	6,1x	-5,2x	11,5x	19,5x



KPMG

Hótel

Samskonar áhrif

Ýktari áhrif á tekjur

Ólíkt afþreyingarfyrirtækinu er verðskrá hótela breytileg eftir tímabilum. Verðlagning er mun viðkvæmari fyrir samkeppnisaðstæðum.

Samdráttur yfir háönn hefur því meiri áhrif þar sem verðin eru hvað hæst.

Meðalverð hótélherbergja eru nú í frjálssu falli en útreikningarnir gera að takmörkuðu leyti ráð fyrir verðlækkunum og áhrif verri sviðsmynda því vanmetin.

Hagræðing og frestun gjalddaga


Þrátt fyrir að félagið nýti sér allar mögulegar leiðir til að hagræða í rekstri og hliðra til í greiðslu reikninga kallar sjóðstreymi næstu mánaða á verulega fjárþörf.

Rekstrarafkoman sem að öllu jöfnu ætti að duga fyrir greiðslu lána nægir ekki til þess að greiða fastan rekstrarkostnað sem situr eftir á meðan félagið er að ná fram áhrifum hagræðingar, sem þó duga skammt.


Afkoman sem myndast á seinni hluta ársins er fjarri því að vera nægilega mikil til að standa undir viðbótar skuldsetningu sem félagið hefur þurft að draga á.

Heimild: Ársreikningar ferðaþjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Tekjur m.kr.



Sjóðstreymi eftir mánuðum



Áhrif til lengri tíma

Fjárpörfin eykst

Rekstrarafkoma (EBITDA) getur myndast á ný strax árið 2022 ef fjöldi ferðamanna fer vaxandi.

Hinsvegar mun fjárpörfin og sjóðstreymið versna þar sem rekstrarafkoman mun ekki lengur standa undir vaxtagreiðslum og afborgunum lána.

Skuldsetning til framtíðar

Ólíklegt er að aukin skuldastaða sé sjálfbær miðað við óbreyttan rekstur.

— Í lok árs 2023 skuldar félagið 25x rekstrarafkomu þegar búið er að taka tillit til fjárfestingaþarfar.

Þrátt fyrir að „Brúarlán“ sé aðgengilegt er óvíst hvort félagið sé gjaldfært til lengri tíma litið og lánastofnunum einfaldlega óheimilt að lána þegar ekki er sýnt fram að félag geti ekki greitt lán til baka.

Eigið fé


Eiginfjárstaða undir lok spátímans er neikvæð, félagið ógreiðslufært og tæknilega gjaldþrota:

- Skuldakennitölur bera þess merki að félagið geti ekki staðið við langtímaskuldbindingar.
- Jafnvel þó skuldsetning árið 2022 sé borin saman við rekstur ársins 2019 gefur skuldahlutfallið varla tilefni til að ætla félagið sé sjálfbært.

Heimild: Ársreikningar ferðaþjónustufyrirtækja, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Uppsöfnuð fjárpörf

m.kr.



Efnahagsreikningur - Grunnspá

	2018	2019	2020	2021	2022
Fastafjármunir	499	489	474	459	450
Veltufjármunir	19	18	8	14	15
Handbært fé	1	32	0	0	0
Eignir	519	539	482	474	465
Eigið fé	174	194	77	11	-6
Langtímaskuldir	300	295	299	290	283
Lánalína	0	0	81	136	152
Skammtímask. og aðrar skuldb.	46	50	25	36	36
Eigið fé og skuldir	519	539	482	474	465
Veltufjárhlutfall	0,32	0,99	0,07	0,08	0,08
Eiginfjárhlutfall	0,33	0,36	0,16	0,02	-0,01
Skuldir / (EBITDA - CAPEX)	5,5x	5,4x	-5,1x	-15,3x	24,7x

A white bus is shown from a front-quarter perspective, parked on a dark, gravelly road. The bus's headlights are on, casting a warm glow. The interior of the bus is visible through the windshield, showing seats and a driver. The background features a range of dark, snow-covered mountains under a dark, overcast sky. The overall mood is quiet and isolated.

KPMG

Áhrif á aðrar
greinar
ferðapjónustu

Erfið rekstraraskilyrði


Miklar áskoranir ferðapjónustufyrirtækja árið 2019

- 20% fækkun ferðamanna eftir fall Wow Air og 30% fækkun ferðamanna frá Bandaríkjunum og Kanada.
- Jákvæð áhrif af 9% veikingu íslensku krónunnar og 5% lengri meðal dvalartími ferðamanna leiðir til hærri tekna á hvern ferðamann.
- Miklar kostnaðarhækkningar, s.s. 6,5% hækkun á launavísitölu vega upp á móti tekjuauka.
- Áfram fjárfest í greininni en hótélherbergjum fjölgaði t.a.m. um 883 herbergi í 10.856 herbergi en á sama tíma lækkaði nýtingarhlutfall um 3%.
- Skuldsetning greinarinnar nær tvöfaldaðist frá árslokum 2015 til loka árs 2019 en EBIT afkoma greinarinnar dróst saman á sama tímabili.

Áhrif COVID-19 á horfur í ferðapjónustunni

- Ferðapjónustufélög eru að fást við allsherjar tekjuhrun.
- Endurgreiðsla á fyrirframgreiðslum og viðskiptakröfur munu tapast.
- Ferðapjónustan er mannaflsrek atvinnugrein og á þessum tímamarki er líklegt að flest félög ráði illa við greiðslu launa og/eða uppsagnafrest starfsmanna.
- Flest félög þurfa því að afla fjármagns til þess að standa straum af launagreiðslum, öðrum föstum rekstrarkostnaði og endurgreiðslum.
- Dragist tekjusamdrátturinn fram yfir sumarið er ólíklegt að rekstur í ferðapjónustu standi undir aukinni skuldsetningu.

Þróun á EBIT% og skuldsetningu^a



ATH: (a) Án flugfélaga

Heimild: Hagstofan og greining KPMG.

Ólík félög með mismunandi áskoranir

Fyrirtæki	Einkenni reksturs ^a	Einkenni efnahags ^a						
		EBIT%	Launakostnaður	Fastur rekstrar-kostnaður ^c	Eiginfjár-hlutfall	Binding í rekstrareignum	Veltufjár-hlutfall	Skuld-setning ^b
Flugfélög — Annar rekstrarkostnaður 42% af tekjum — Mikið fé bundið í eignum — Mikið um fyrirframgreiðslur	-9%				11%		0,9	NA
Hópfærðafyrirtæki Rútufyrirtæki og skoðunarferðir — Talsverð skuldsetning — Mikið bundið fé í eignum — Mikið um fyrirframgreiðslur	3%				22%		1,1	16,1x
Gististaðir Hótel og gistiheimili — Kvik verðmyndun — Mikil skuldsetning og fjárbinding í eignum — Húsnæðiskostnaður fastur	9%				28%		1,3	12,0x
Veitingastaðir — Mikill launakostnaður og háar leigugreiðslur	4%				21%		1,2	2,7x
Bílaleigur — Mikil skuldsetning — Mikið fé bundið í eignum sem nýtast ekki (24 p. bílafloiti) — Þörf á fækkun í flota	9%				12%		0,4	11,6
Ferðaskrifstofur Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarpjónusta — Hár launakostnaður — Mikið um fyrirframgreiðslur frá vv. og til birgja sem geta ekki greitt til baka — Uppfylla mögulega ekki skilyrði Brúarlána um 25% launahlutfall vegna hárna brúttótekna	9%				42%		1,2	5,3x

ATH: (a) Upplýsingar við árslok 2018. Einkenni rekstur miða við hlutfall af tekjum. Binding í rekstrareignum eru varanlegir rekstrarfjármunir á móti tekjum.
 (b) Útlán KMB í lok árs 2018 á móti EBIT 2018 samkvæmt Hagstofu. Ekki var hægt að staðfesta að staðið sé eins að flokkun hjá Seðlabanka Íslands og Hagstofu Íslands þegar kemur að skilgreiningu ferðapjónustufyrirtækja svo sem afþreyingarfyrirtækja.
 (c) Fastur rekstrarkostnaður (annað en kostnaðarverð seldra vara og launakostnaður sem dregst saman vegna umsvifa eða starfshlutaleiðar). Fastur rekstrarkostnaður inniheldur hvorki fjármagnskostnað né afskriftir.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, KPMG Könnun á afkomu fyrirtækja í ferðapjónustu 2018 og greining KPMG



KPMG

Áhrif á helstu
hagstærðir

Tekjur af erlendum ferðamönnum

Samdráttur tekna af erlendum ferðamönnum

Árið 2019 námu tekjur af erlendum ferðamönnum um 470 ma.kr.

Ljóst er að COVID-19 mun hafa mikil áhrif til lækkunar tekna frá erlendum ferðamönnum:

- Bjartsýna sviðsmyndin (S1) gerir ráð fyrir að tekjur af erlendum ferðamönnum lækki um 208 ma.kr. á árinu 2020 samanborið við tekjur ársins 2019.
- Í grunnsviðsmyndinni (S2) þar sem gert er ráð fyrir að viðspyrna náist næsta haust er lauslega áætlað að gjaldeyristekjur gætu lækkað um rúmlega 275 ma.kr.
- Gera má ráð fyrir rúmlega 330 ma.kr. lækkun gjaldeyristekna á þessu ári ef viðspyrna næst ekki fyrr en á næsta ári.

Vægi í gjaldeyristekjum


